

Umsögn UngÖBÍ, ungliðahreyfingu ÖBÍ réttindasamtaka um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2025, þingskjal 1, 1. mál

UngÖBÍ telur mikilvægt að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) er fullgildur á Íslandi og að unnið er að lögfestingu samningsins inn í íslensk lög, [sbr. þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024-2027, þskj. 1297 – 584. mál](#). Ungt fatlað fólk í dag hefur færri námstækifæri og færri tækifæri til atvinnuþátttöku en ófatlaðir jafnaldrar þeirra, þrátt fyrir að mæta öllum hæfniskröfum í starfs- og námslýsingu. Sá hópur er einnig líklegur til að vera félagslega einangraður enda gerir samfélagið ekki ráð fyrir að ungt fatlað fólk fari mikið út úr húsi. Aðgerðaáætlanir, reglugerðir og lög sem tryggja jafnt aðgengi fatlaðs fólks að almennum mannréttindum eru frábær framfara skref, en reynslan hefur sýnt að ófjármagnaðar aðgerðir enda með ára löngum óvissuferðum á biðlistum hins opinbera. UngÖBÍ vill því koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Inngilding allra að samfélaginu

Ungt fatlað fólk vill búa við sömu þátttökumöguleika og ófatlaðir félagar sínir, þar sem fregnir af samfélagslegum hindrunum fatlaðs fólks heyrir til undantekningar en er ekki „normið“. Í inngildandi samfélagi er horfið frá hugmyndum um „venjulegar“ aðstæður fyrir suma og lélegum sér lausnum fyrir alla hina. Þess í stað eru skilyrði allra til þátttöku bætt og ávallt er hugað að fjölbreyttum aðgengisþörfum einstaklinga að samfélagslegum gæðum. Þá er vert að benda á að bætt aðgengi og inngilding allra að samfélaginu einskorðast ekki sem mannréttindamál fatlaðs fólks heldur er það ávinningur fyrir alla og jafnframt fjárhagslega hagkvæmt fyrir samfélagið. Rampar geta líka nýst foreldrum með barnavagna, textun getur hjálpað fólki með erlendan bakgrunn að læra íslensku og eldra fólk mun geta lifað sjálfstæðu lífi í aðgengilegu húsnæði með aðgengilegum verslunum og þjónustu, svo fátt eitt sé nefnt.


Aðgengilegt húsnæði og fjármagnaðar aðgerðir


Meirihluti íbúðarhúsnæðis á Íslandi er óaðgengilegt fötluðu fólki og vont versnandi fer þegar leitað er eftir aðgengilegum atvinnuhúsnæðum. Óaðgengileg hönnun húsnæðis og nærumhverfis þrengir verulega að tækifærum fatlaðs fólks um að komast í örugga búsetu, atvinnuþátttöku, aðgengi að þjónustu og þátttöku í samfélaginu. Á seinasta vörpingi samþykkti Alþingi umfangsmiklar kerfisbreytingar á almannatryggingakerfinu, með sameiningu greiðsluflokka og áformum um aukna þátttöku fatlaðs fólks á vinnumarkaði með innleiðingu hlutaörorku. Að mati UngÖBÍ skýtur það því skökku við að ekki er gert ráð fyrir fjármögnun vegna aðlögunar á atvinnuhúsnæði í fjárlagafrumvarpi 2025. Hér er sóknarfæri fyrir fjárlaganefnd til að sýna gott fordæmi og hafa áhrif á bætt aðgengi fatlaðs fólks að atvinnulífinu, bæði sem starfsmenn en einnig sem neytendur þjónustu. UngÖBÍ leggur til að fjárlaganefnd tryggi fjármagn fyrir aðgengis aðlögun á vinnustöðum fyrir gildistöku breytinga almannatrygginga kerfisins 1. september 2025 og hugi jafnframt að varanlegum aðgengislausnum fyrir fatlað starfsfólk og fatlaða viðskiptavini. Þá leggur UngÖBÍ að styrkveiting til einkaaðila vegna framkvæmda á aðgengislausnum í atvinnuhúsnæði verði háð skilyrðum og að tekið verði tillit til aðstæðna lítilla og meðalstórra fyrirtækja við forgangsroðun úthlutunina.

UngÖBÍ áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á seinni stigum.

Ekkert um okkur án okkar!

Með vinsemd og virðingu,


Eigur Welding
formaður UngÖBÍ


Kjartan Þór Ingason
verkefnastjóri ÖBÍ